

Sjötti fundur nefndar. Haldinn í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 1, dags. 22.10.2018. Fundur hófst kl. 12:00.

**Fundinn sátu:** Bergþór Ólason, Halldóra Mogensen, Margrét Hallgrímsdóttir, Óli Halldórsson, Steingrímur J. Sigfússon, Dagbjört Jónsdóttir (í gegnum Skype), Steinar Kaldal.

**Forföll boðuðu:** Ólafur Ísleifsson, Vilhjálmur Árnason, Hanna Katrín Friðriksson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Valtýr Valtýsson.

**Fundagerð ritaði:** Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

### **Þetta gerðist:**

#### **1. Greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf. Yfirferð**

Fyrir fundinum lágu drög að texta sem nefndin hefur haft til vinnslu undanfarnar vikur. Nefndin fór yfir fram komnar athugasemdir nefndarmanna við texta skjalsins um greiningu tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf og samþykkti þær athugasemdir og tillögur sem farið var yfir á fundinum.

*Eftirfarandi bókun var gerð á fundinum: Breytingar á skjali samþykktar og ákveðið að fela formanni og verkefnisstjóra að ganga frá texta, klára uppsetningu skjalsins og senda það svo til nefndarmanna í tölvupósti ásamt fundargerð. Nefndarmenn hafa þrjá daga frá því að það berst þeim í tölvupósti til að koma með athugasemdir. Svo verður skjalið sett í samráðsgátt stjórnvalda. Ítrekað er að skjalið fer í samráðsgáttina sem drög/texti í vinnslu og það kynnt þannig í samráðsgáttinni. Því getur skjalið tekið breytingum eftir að athugasemdir hafa borist nefnd.*

#### **2. Helstu áherslur í atvinnustefnu: Yfirferð**

Fyrir fundinum lágu drög að texta sem nefndin hefur haft til vinnslu undanfarnar vikur. Nefndin fór yfir athugasemdir nefndarmanna við texta skjalsins um helstu áherslur í atvinnustefnu og samþykkti þær athugasemdir og tillögur sem farið var yfir á fundinum.

*Eftirfarandi bókun var gerð á fundinum: Breytingar á skjali samþykktar og ákveðið að fela formanni og verkefnisstjóra að ganga frá texta, klára uppsetningu skjalsins og senda það svo til nefndarmanna í tölvupósti ásamt fundargerð. Nefndarmenn hafa þrjá daga frá því að það berst þeim í tölvupósti til að koma með athugasemdir. Svo verður skjalið sett í samráðsgátt stjórnvalda. Ítrekað er að skjalið fer í samráðsgáttina sem drög/texti í vinnslu og það kynnt þannig í samráðsgáttinni. Því getur skjalið tekið breytingum eftir að athugasemdir hafa borist nefnd.*

#### **3. Umræður um mörk**

Rætt var um mörk miðhálandisþjóðgarðs m.a. út frá skipunarbréfi og kynningu og fram lögðum gögnum frá síðasta fundi nefndarinnar. Farið var yfir kort af útfærslum

af mörkum sem m.a. miðað við: 1. Mörk svæðisskipulags miðhálandis 2. Mörk þjóðlendna innan miðhálandislínunnar og 3. Mörk þjóðlenda, friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjaskrá á miðhálandinu.

*Eftirfarandi bókun var gerð á fundinum: Nefnd tók ákvörðun um að vinna frekar með þessar útfærslur, sem gera ráð fyrir einni skipulagsheild og fela formanni og verkefnisstjóra að vinna nánar með þær fyrir næsta fund nefndar, 6. nóvember næstkomandi.*

**Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 13:17.**